



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 81. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 16. mars 2009 kl. 15:00, í húsakynnum ÍSOR.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson, Ólafur G. Flóvenz og Ragna Karlsdóttir. Einnig sátu fundinn Árni Ragnarsson frá ÍSOR og Eldur Ólafsson frá GGE.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsókn um WGC 2015
3. Aðalfundur JHFÍ 2009: Dagskrá og stjórnarkjör
4. Fjármál og innheimta félagsgjalda
5. Vefur JHFÍ
6. Önnur mál

ÁR sat fundinn vegna dagskrárliðar 2, þar sem hann mun vinna svör við nokkrum spurningum IGA. Því var ákveðið að byrja á þeim lið. GAS kynnti drög að umsókn JHFÍ til IGA, sem í aðalatriðum tóku mið af umsókninni sem send var um að halda WGC 2010. Fjallað var um einstaka liði og ákveðið að gera nokkrar breytingar.

Þá greindi ÓGF frá því að Vísinda- og tækniráð hefði nýlega ákveðið að styrkja jarðhitarannsóknir um 70 milljónir króna á ári næstu sjö ár, og að hluti þess fjár sé ætlaður til að standa straum af kostnaði vegna WGC 2015.

Öðrum dagskrárliðum var frestað og næsti fundur ákveðinn mánudaginn 23. mars, kl. 15:00, í húsakynnum ÍSOR.

Fundi slitið kl. 16:45.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---